

Eystrahorn

16. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 28. apríl 2022

www.eystrahorn.is

Hugleiðingar um íbúabróun í Austur-Skaftafellssýslu

Eftir kosningu um sameiningu sveitarfélaga varð Sveitarfélagið Hornafjörður til árið 1998 og þá sameinuðust öll sveitarfélögin í Austur-Skaftafellssýslu í eitt, en árið 1994 höfðu þrjú þeirra, Höfn, Nes og Mýrar, sameinast í sveitarfélagið Hornafjarðarbæ.

Undirrituðum fannst að forvitnilegt gæti verði að skoða íbúabróun í Austur-Skaftafellssýslu á þessum 24 árum sem liðin eru. Ég beindi sjónum mínum

einkum að þremur atriðum.

- Íbúafjöldi og skipting milli dreifbýlis og þéttbýlis.
- Aldurskiptingu íbúanna.
- Fjölda íbúa með erlent ríkisfang.

Þau gögn sem vitnað er hér til eru í öllum tilfellum sótt í gagnagrunn Hagstofu Íslands og miðast samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar við 1. janúar ár hvert.

Íbúafjöldi og skipting milli dreifbýlis og þéttbýlis

Í ársbyrjun 1998 voru íbúar 2476. Þeim átti eftir að fækka umtalsvert og fæstir voru íbúarnir í ársbyrjun 2010 þegar þeir voru 2086. Í ársbyrjun 2022 voru íbúarnir 2450 og hafa því þrátt fyrir þó nokkra fjölgun á síðustu árum ekki enn náð þeirri tölu sem var í ársbyrjun 1998.

Hjá Hagstofunni er hægt að skoða íbúabróun eftir pósthúmerum og þegar það er gert kemur í ljós að í pósthúmeri 780, þ.e. þéttbýli á Höfn voru íbúar 1830 árið 1998, en 1789 árið 2022. Á sama hátt voru íbúar í pósthúmeri 781 alls 537 í ársbyrjun 1998, en 433 í ársbyrjun 2022. Í pósthúmeri 785 – Örafum – er hins vegar umtalsverð fjölgun. Þar voru íbúar 109 árið 1998, en 228 árið 2022 og hefur íbúafjöldinn í Örafum því meira en tvöfaldast á tímabilinu. Á myndinni sem hér fylgir með má sjá þróun íbúafjöldans í hverju pósthúmeri um sig á umræddu tímabili.

Aldurskipting íbúanna

Ekki er síður áhugavert að skoða aldursskiptingu íbúanna. Árið 1998 voru börn á leikskólaaldri - þ.e. 0 til 5 ára - 281 eða 11% af íbúum, Börn á grunnskólaaldri - þ.e. 6 til 15 ára voru 423 eða 17% af íbúum, en íbúar 70 ára og eldri voru 180 eða 7% af íbúum.

Árið 2022 voru börn á leikskólaaldri 159 eða 6% af íbúum, börn á grunnskólaaldri 257 eða 10% af íbúum og eldri borgarar 70 ára og eldri voru 247 eða 10% af íbúum.

Mesti fjöldi á leikskólaaldri var 1998, árið 2004 voru grunnskólabörn flest, eða 439, en eldri borgarar flestir 2021 eða 248.

Þessi þróun í aldursskiptingu er samt ekki mjög frábrugðin því sem gerst hefur í landinu í heild, en árið 1998 voru börn undir 16 ára aldri alls 26% af íbúafjölda landsins samanborið við 28% hjá okkur, en íbúar 70 ára og eldri voru þá 8% í landinu öllu samanborið við 7% hjá okkur. Í ársbyrjun 2022 voru börn undir 16 ára aldri 20% af íbúum landsins samanborið við 16% hjá okkur, en eldri borgarar 10% eins og hér.

Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang:

Loks er það fjöldi íbúa með erlent ríkisfang. Upplýsingar um það eru frá árunum 2009 til 2021 á vef Hagstofunnar.

Árið 2009 voru erlendir ríkisborgarar 110 eða 5% af íbúafjöldanum í heild. Þeim hefur fjölgað umtalsvert og árið 2021 voru þeir 560 og voru þá 23% af íbúafjöldanum.


Á sama tíma hefur íslenskum ríkisborgurum fækkað um 100. Voru 1980 árið 2009, en 1880 árið 2021.

Ekki er það ætlun mín að reyna að túlka ofangreindar staðreyndir sérstaklega, en glögg má sjá hve mikilvægir þeir erlendu ríkisborgarar, sem kosið hafa að setjast hér að, eru fyrir atvinnulíf og byggðina í heild.


Einnig kemur glögg fram sú breyting sem orðið hefur á aldursskiptingu íbúanna og hve mikið íbúum yngri en 16 ára hefur fækkað hlutfallslega.

Hermann Hansson


Þróun íbúafjöldna í Austur-Skaftafellssýslu 1998 til 2022



Hlutfall barna og eldri borgara 1998 til 2022



Hlutfall erlendra ríkisborgara



SAMEIGINILEGIR
FRAMBOÐSFUNDIR

Örafum
Suðursveit
Höfn

- Hótel Skaftafelli,
- Hrollaugsstaðir,
- Nýheimar,

- Mánudaginn 2.máí kl.17:00
- Mánudaginn 2.máí kl.20:00
- Þriðjudaginn 3.máí kl.20:00

**SUMARHÁTÍÐ
SUNNUDAGASKÓLANS**

Þann 1.mái kl. 11 verður lokahátíð
sunnudagaskólans í Hafnarkirkju.
Gleði og glens.
Grillaðar pylsur í lok stundarinnar.
Hlökkum til að sjá alla í sumarskapi.




**FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI
HORNFIÐINGA
BÍÓ - BÍÓ - BÍÓ**



Síðasta **SAMVERA** vetrarins verður í
Ekru föstudaginn 29. apríl kl. 17:00.
Nú ætlum við að sýna bíómynd!
Nánar um myndaval á facebook-
síðu félagsins og á auglýsingum í
Ekru. Fylgist með.

**Úrval af góðum rúmunum,
dýnum og göflum**
Erum einnig með einstakt
úrval af fallegum og
nytsamlegum ferminga-
og útskriftargjöfum

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Opíð virka daga frá kl. 13:00-18:00
Símar: 478-2535 / 898-3664



AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar og
stjórnar Kirkjugarðanna í Hafnarsókn
verður haldinn
fimmtudaginn 5. maí n.k. kl. 17:30
í Safnaðarheimilinu.

Venjuleg aðalfundarstörf
Sóknarnefnd Hafnarsóknar



Þakkir

Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna
andláts og útfarar ástkærs föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa

**Guðmundar Jónssonar
húsasmiðameistara**

Við sendum einnig okkar hlýjustu þakkir
til starfsfólks Skjólgarðs fyrir einstaka umönnun og viðmót
síðastliðin ár.



Svava Kr. Guðmundsdóttir

Ásta Halldóra Guðmundsdóttir - Guðjón Pétur Jónsson

Jón Guðmundsson - Elín Guðmundardóttir

Eiríkur Guðmundsson - Auður Axelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Húsnæði óskast

Leita að herbergi/ húsnæði á Höfn fyrir næsta vetur.
Flyt í júní - síðasta lagi 1. ágúst en skoða allt sem getur
brúað eitthvað bil nk. sumar/ haust. Reglusöm og
reyklus.

Ása, s: 777-4214

Framsókn á Hornafirði

Opnun kosningaskrifstofu

Laugardaginn 30.apríl kl.11:00-14:00

Í Viðreisn, Víkurbraut I

Grillaðar pylsur og glaðningur fyrir börnin

Velkomin í spjall við frambjóðendur

Opíð verður alla virka daga frá

kl.17:00-19:00 frá 4.maí

Er ekki bara best að kíkja við

Hlökkum til að sjá ykkur og taka spjallið
Frambjóðendur Framsóknar



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Kex fyrir alla!

Fyrir nokkrum vikum ákvað ég ásamt vinum mínum að stofna nýtt framboð til sveitarstjórnarkosninga. Ég hafði fyrir þann tíma engar áætlanir um það að taka virkan þátt í sveitarstjórnarmálum. Við Þorgrímur bróðir og Birna mágkona mín vorum tiltölulega nýbúin að opna veitingastað í miðjum heimsfaraldri og mér fannst ég hreinlega hafa nóg á minni könnu. Ég hafði reyndar hugsað um það að taka þátt seinna, þegar ég væri orðinn nógu gamall, þá orðinn nógu klár og reynslumikill. Mér fannst ég hreinlega ekki orðinn nógu fullorðinn til að eiga nokkuð erindi inn á þennan vettvang. Því kemur það sjálfum mér skemmtilega á óvart að ég skuli nú skipa þriðja sæti K-lista Kex framboðs í komandi kosningum.

Það var eftir einhvern af þeim fjölmörgu kaffibollum heima hjá foreldrum mínum í vetur að ég fór að velta komandi kosningum fyrir mér í alvöru. Við erum svo heppin að búa í frábæru og fjölbreyttu samfélagi sem hefur gríðarlega mikið af tækifærum en mér fannst umræðan í sveitarfélaginu og um sveitarfélagið of neikvæð og mjög margt sem mér þótti ábótavant. Skortur á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði, lítil framtíðarsýn, vöntun á nýju hjúkunarheimili og skortur á leikskólalássi, þrátt fyrir

glænýjan leikskóla, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru allt grundvallar hlutir sem þarf að huga að til þess að sveitarfélagið geti haldið áfram að vaxa og dafna. Til þess að sveitarfélagið sé ákjósanlegur staður þar sem fólk vill setjast að.

Ég ólst hér upp og ákvað fyrir nokkrum árum að gera sveitarfélagið að framtíðarheimili mínu, en á í erfiðleikum með að finna mér íbúð. Þrátt fyrir það að eiga hér töluvert bakland og tel mig nokkuð kunnugan staðhättum. Ég stofnaði hér fyrir tæki en á í erfiðleikum með að fá starfsfólk í vinnu vegna þess að hér er ekkert húsnæði í boði fyrir fólk sem hingað vill flytjast.

Þetta vonleysi var upplifun mín og mér fannst einhvernvegin enginn vera að gera neitt í þessu öllu saman. Aðgengi að upplýsingum um stjórnarsýsluna er mjög ábótavant, og það er mikill skortur á gagnsæi og sýnileika.

Ég fór því að velta því fyrir mér hvort að það væri eitthvað sem ég gæti gert í þessu öllu saman. Ég var svo heppin að ég fann fullt af fólk sem var að hugsa á svipuðum nótum. Það vildi líka breytingar og óvart varð Kex bara til. Ég áttaði mig fljótlega á því að stundum, ef maður vill breytingar, þá þarf maður að vera tilbúinn að stíga upp og reyna að

knýja þær sjálfur fram. Ég áttaði mig á því að núna væri tíminn, ég væri orðinn fullorðinn og ég þyrfti ekkert endilega að vita allt og hafa lausnir á öllum mögulegum og ómögulegum hlutum til þess að geta tekið þátt. Það fæðist enginn tilbúinn til þess að verða bæjarfulltrúi og ég er ekkert ófeiminn við það að leita hjálpar ef ég veit ekki eitthvað.

Það er einhver ótrúlega góð orka og mikill kraftur í Kexinu og ég er mjög heppin að fá að taka þátt. Við erum alls ekki alltaf sammála um allt þegar við byrjum að ræða málin, enda komum við úr ýmsum áttum og höfum mismunandi bakgrunn, en við höfum öll valið Sveitarfélagið Hornafjörð sem framtíðarheimili og viljum öll samfélaginu hér fyrir bestu.

Núna í liðinni viku birtum við kosningaáherslur fyrir komandi kosningar. Við unnum þær saman, framþjóðendur og grasrót, að mestu leyti upp úr þeim punktum sem komu fram á opnum málefnafundum sem við höldum í marsmánuði. Kexið er nefnilega samvinnuverkefni. Ég er mjög hreykinn af þessari vinnu og ennþá stoltari af öllu því frábæra fólk sem að henni kom. Það besta við þetta allt saman er það að við erum rétt að byrja og eigum nóg inni.

Sunnudaginn 1. maí stendur Kex framboð fyrir vöflukaffi frá



kl. 14:00 - 16:00 þar sem við ætlum að fagna nýútgefni stefnuskrá. Þar getiði gætt ykkur á dýrindis vöflum, skoðað stefnuskrána og rætt við framþjóðendur. Ég hlakka til að sjá ykkur þar!

Eliás Tjörvi Halldórsson
höfundur skipar 3. sæti á K – lista
Kex framboðs
www.xkex.is

Vortónleikar Gleðigjafa

Sunnudaginn 1. maí kl. 16:00 í Hafnarkirkju
Stjórnandi Guðlaug Hestnes
Undirleikari Gunnar Ásgeirsson



Sérfræðingar í bókhaldi og/eða reikningskilum á Hornafirði

KPMG er alþjóðlegt þekkingarfyritæki sem býður upp á frábær og fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar og fræðslu, samkeppnishæf laun og hlunnindi og sveigjanlegt vinnuumhverfi. Hjá KPMG á Íslandi starfa rúmlega 270 einstaklingar á 16 skrifstofum um land allt með fjölbreytta menntun og reynslu sem þjónusta viðskiptavini í einka- og opinbera geiranum af öllum stærðum og gerðum.

Við leitum nú að öflugum einstaklingum með reynslu og þekkingu í bókhaldi og eða vinnslu reiknings- og skattskila. Um full störf er að ræða og munu viðkomandi hafa aðsetur á skrifstofu KPMG á Höfn í Hornafirði.

Starfsfólk okkar þarf almennt að geta tekið frumkvæði og unnið sjálfstætt, vera lausnamiðað og njóta fjölbreytni í verkefnum, tileinka sér tækninýjungar, sem og að eiga auðvelt með samskipti við samstarfsfólk og viðskiptavini.

Hæfniskröfur:

- Menntun í viðskiptafræði, endurskoðun eða tengdum greinum er æskileg
- Þekking og reynsla af vinnu við bókhald og/eða reiknings- og skattskil er æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta kostur
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymi

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2022 .

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á heimasíðu KPMG.

Nánari upplýsingar veitir Erik Christianson mannauðsstjóri á echristianson@kpmg.is.





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar í skipulagsmálum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2022 eftirfarandi skipulagsáætlanir.

Hagaleira - Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð á Leirusvæði ÍB1 stækkar til suðvestur og opið svæði OP2 minnkar að sama skapi. Markmið breytingarinnar er að skapa rými í íbúðarbyggðinni fyrir nýja raðhúsalóð neðan við Fiskhól. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar og tekur það gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi – Breyting á deiliskipulagi vegna bílastæða við Nýgræðuöldur

Í breytingunni felst að skipulagssvæðinu, ásamt heimildum og ákvæðum innan þess er hliðrað um u.þ.b. 500 m til austurs. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin tekur gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulag Borgarhöfn

Nýtt deiliskipulag er samþykkt en meginmarkmið þess er að skilgreina tjaldsvæði, byggingarreit fyrir smáhýsi og lóðir og byggingarreiti fyrir frístundahús. Áform eru að efla ferðaþjónustu á svæðinu og bjóða uppá möguleika til gistingar og afleidda þjónustu.

Tillaga að deiliskipulaginu var auglýst frá 16. ágúst með athugasemdarfresti til 27. september 2021. Engar athugasemdir bárust en umsagnir bárust frá HAUST, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og RARIK. Umsagnir höfðu ekki áhrif á auglýsta tillögu. Málsmeðferð var í samræmi við 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og tekur það gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Hægt er að kæra samþykkt bæjarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillögurnar og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til undirritaðs í Ráðhúsi Hornafjarðar.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Andlát

Hanna Jónsdóttir fæddist 5. október 1937 í Hoffelli í Nesjum. Hún lést á hjúkunarheimilinu Skjólgarði 11. apríl 2022. Foreldrar hennar voru Halldóra Guðmundsdóttir og Jón Jónsson Malmquist.

Hanna var niúnda í röð tólf systkina en þau eru í aldursröð: Hallgerður, Björg, Guðmundur, Skúli, Anna, Unnur, Egill, Þóra Ingibjörg, Pétur Haukur, Droplaug og Ragnar.

Eiginmaður Hönnu er Einar Sigurbergsson, fæddur 28.07.1935. Börn Hönnu og Einars eru fimm.

1) Jón Malmquist maki Gunnhildur Elísabet Ingimarsdóttir. Eiga þau þrjú börn. Elst er Hanna, börn hennar og Huldars Breiðfjörð eru Oddi og Indra. Næst er Marianna, maki Karl Jóhann Guðmundsson synir þeirra eru Jón Þormar og Ingimar Örn, börn Karls eru Jóhann Már og Eva Rut. Yngstur er Bjarni Malmquist, maki Sigrún Elfa Bjarnadóttir, dóttir þeirra er Anna Karen Malmquist.

2) Sigurbjörg, maki Haraldur Jónsson, eiga þau þrjú börn. Elstur er Einar, maki Klara Hansdóttir börn Einars og Rakelar Sifjar Hauksdóttur eru Haraldur Snær og Ragnheiður Mjöll. Synir Klöru eru Ásbjörn og Kristófer. Næst er Helga. Yngstur er Baldvin, maki Rós Sigurðardóttir, sonur þeirra er Baltasar.

3) Þórhallur Malmquist, maki Arna Ósk Harðardóttir, börn þeirra eru þrjú. Hörður, maki Svandís Nanna Pétursdóttir, synir þeirra eru Mikael Leó og Maron Hersir. Heba Björg, maki Hilmar Þór Kárason. Eggert Helgi, maki Helga Valdís Helgadóttir.

4) Halldór Einarsson, maki Olga Sveinbjörg Sigurbjörnsdóttir og eiga þau tvo syni Einar Björn, maki Guðlaug Margrét Björnsdóttir d.1.3.2017. Hannes, maki Stefania Ósk Hjálmarsdóttir, synir þeirra Patrekur Freyr og Halldór Vignir.

5) Þórdís, maki Gísli Már Vilhjálmsson, þau eiga tvö börn Felix Þór og Sigríði. Maki Felix Þórs er Margrét Silfa Schmidt, dóttir þeirra Silfa.

Hanna fluttist í Akurnes með foreldrum sínum og systkinum. Þar ólst hún upp og gekk í barnaskóla á Fornustekku og í Kirkjukjallaranum við Laxá. Hún fór í Húsmæðraskólann á Hallormsstað. Hanna giftist eftirlifandi eiginmanni sínum árið 1962 og áttu þau 60 ára brúðkaupsafmæli 6. janúar síðastliðinn. Hanna og Einar bjuggu lengst af í Þinganesi en þangað fluttu þau árið 1958, þar stunduðu þau búskap ásamt því að sækja vinnu á Höfn en þau fluttu í Miðtún 14 árið 2000.

Útför Hönnu fór fram frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 11:00 og var hún jarðsett í kirkjugarðinum við Laxá.

Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu. Einnig viljum við þakka starfsfólki Velferðasviðs / heimaþjónustudeildar og Skjólgarðs fyrir góða umönnun.



Framsókn in Hornafjörður

Election office - opening

Saturday 30th of April at 11:00-14:00

In Viðreisn, Víkurbraut 1

Grilled Hot dogs and fun activities for the kids

Welcome for a chat with the candidates

Open monday - friday

At 17:00-19:00 from 4th of May

I think it is just best to drop by :)

Looking forward to welcome you
Candidates of Framsókn



VÖFFLUKAFFI KEX

Kex framboð býður í vöfflukaffi
sunnudaginn 1. maí klukkan 14:00-16:00.

Við ætlum að hittast, njóta samverunnar
og fagna stefnuskrá Kex sem gefin
var út 23. apríl.

Sjáumst hress á kosningaskrifstofu Kex.
Úps, Hafnarbraut 34.

Skannaðu kóðann til að
skafa stefnuskrá Kex.
www.skex.is



Áfram stíginn!

Á síðasta kjörtímabili var lyft grettistaki í gerð göngustiga á Höfn. Malbikaði stígurinn meðfram firðinum að vestanverðu var framlengdur og er mikið notaður. Það að stígurinn sé malbikaður gefur mikla möguleika á notkun stígsins fyrir barnavagna, reiðhjól, götuhlaup, rólega göngutúra og síðast en ekki síst rafskutlur og hjól með eldri borgara. Má með sanni segja að stígurinn stuðli að hreyfingu frá vöggu til grafar. Stígurinn nær nú frá Óslandi og inn fyrir Stekkatúnshól eða inn að pípuhlíði eins og við segjum. Möguleiki er að halda áfram með þann stíg og tengja inn á aðrar leiðir.

Búið er að gera bætur á stígunum út á Ægissíðu syðri og þarf að klára að loka hringnum þar á komandi kjörtímabili. Margar eyjar og sker eru í

Hornafirðinum sem eiga sér nöfn sem mikilvægt er að halda á lofti. Unnið er að gerð örnefnaskilta sem staðsett verða meðfram göngustígnum við Suðurfjörðinn og mætti bæta upplýsingagjöf sem þessa við Skarðsfjörðinn, við stíginn á Ægissíðu.


Reiðvegurinn meðfram þjóðveginum gegnir nú orðið margþættu hlutverki, en nú til dags sér maður orðið fleiri hlaupandi en riðandi á reiðveginum utan Lónsafleggjara, sökum þess að æ færri kjósa að halda hesta sína í fristundabyggðinni á Ægissíðu og hafa fært sig í aðstöðu í kringum Stekkhól. Einnig hafa reiðhjóra- og mótörhjólaiðkendur nýtt sér reiðvegin.

Samnýting á stígum innan sveitarfélagsins er af hinu góða en til þess verður að ríkja umburðarlyndi og tillitssemi

milli iðkenda mismunandi hreyfigreina. Nauðsynlegt er í okkar litla samfélagi að geta samnýtt stígana þar sem það liggur í augum uppi að ekki er grundvöllur fyrir margra brauta stígum. Reiðvegurinn er hinsvegar eitt af því sem þarfnast einnig endurbóta. Of víða þarf að þvera þjóðveginn til að fylgja honum sem skapar mikla hættu, sér í lagi þegar verið er með lifandi dýr. Þar þarf að gera umbætur á.

Höldum áfram uppbyggingu á stígum og stuðlum þannig að bættri aðstöðu til fjölbreyttrar hreyfingar fyrir alla aldurshópa.

*Gunnar Ásgeirsson,
bóndi og vinnslustjóri
3. sæti Framsóknar og
stuðningsmanna þeirra*



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Auglýsing þessi er jafnframt tilkynning til umboðsmanna lista í samræmi við 7. mgr. 69. gr. sbr. 55. gr. laga um kosningar nr. 112/2021.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fer fram sem hér segir:

Selfoss og nágrenni:

Fangelsið Sogni í Ölfusi, mánudaginn 2. maí kl. 14:00 – 15:00.
Sólheimar í Grímsnesi, miðvikudaginn 4. maí kl. 13:00 – 14:00.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir föstudaginn 13. maí 10:00-12:00.

Eyrarbakki:

Dvalarheimilið Sólvellir, þriðjudaginn 3. maí kl. 14:00 – 15:00
Fangelsið Litla-Hrauni, þriðjudaginn 3. maí kl. 10:00 – 11:00.

Hveragerði:

Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20, þriðjudaginn 10. maí kl. 09:30 – 11:30.
Heilsustofnun NLFÍ föstudaginn 6. maí kl. 13:00-14:00.

Hella:

Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 2. maí kl. 10:00-11:00.

Hvolsvöllur:

Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 2. maí kl. 13.00-14:00.

Vík:

Hjallatún, dvalarheimili, þriðjudaginn 3. maí kl. 10.30-11:30.

Kirkjubæjarklaustur:

Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili, þriðjudaginn 3. maí kl. 15.00-16:00.

Höfn:

Skjólgarður, dvalarheimili miðvikudaginn 4. maí kl. 13:00-14:00.

Atkvæðagreiðslan er einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum.

Áfram er kosið á skrifstofum embættisins alla virka daga milli kl. 09:00 og 15:00.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangennt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsókn skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá embættinu og á www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á skrifstofu.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is. Þar sem nálgast má eyðublað og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Skipuleggja nýja íbúðabyggð, norðan tjaldsvæðis á Höfn (ÍB5).

Hefja byggingu á nýju hjúkrunarheimili í samstarfi við Ríkið.

Sveitarfélagið sé leiðandi í loftslags og umhverfismálum.

Gjaldfrjáls leikskóli á kjörtímabilinu.

Bætum sorphirðu í sveitarfélaginu, td. með grenndarstöðvum í dreifbýli og aukinni þjónustu á Höfn.

Þrýstum á þjóðgarðinn að byggja upp sambærilegar starfsstöðvar í sveitarfélaginu líkt því sem gert hefur verið annarsstaðar á landinu.

Ráðum bæjarstjóra með víðtæka reynslu og þekkingu á málefnum sveitarfélaga sem gerir stjórnsýsluna enn skilvirkari.

Stuðlum að bættum samgöngum með aðalskipulagi innan sveitarfélagsins með umferðaröryggi og styttingu þjóðveggar að leiðarljósi.

Tökum upp málefni flugvallar, Hornafjarðarós, sem og viðhald hafnarmannvirkja.

Gerum sveitarfélagið aðgengilegt fyrir alla, óháð aldri, kyni, samfélagsstöðu eða þjóðerni.

Styðjum enn frekar við blómlegt og fjölbreytt menningarstarf í okkar heimabyggð.

Byggjum nýtt íþróttahús á Höfn þar sem flestar greinar geta stundað sínar íþróttir, og nýtum allt húsið við Heppuskóla fyrir grunnskólann.

Setjum gervigras á Sindravelli.

